



LANDVERND

VISTVERND Í VERKI/ GAP- Ísland

Þjálfun leiðbeinenda

Leiðbeinendur

Leiðbeinendur gegna mikilvægu hlutverki í Vistvernd í verki og því er talið nauðsynlegt að þeir sé vel undirbúnir fyrir starfið.

Leiðbeinendanámskeið fer fram á tveimur dögum (föstudags eftirmiðdag og laugardag) og stendur yfir í 4 klukkutíma fyrri daginn (17-21) en sex þann seinni (kl.10–16). Gert er ráð fyrir að þeir sem koma á námskeiðið hafi þegar tekið þátt í vishópi eða kynnt sér Vistvernd í verki með öðrum hætti.

Námskeiðið samanstendur af eftirfarandi liðum sem hver um sig er síðan brotinn niður í undirþætti, skv. leiðbeiningum frá Gap International:

1. Inngangur og kynning
2. Visthópa verkefnið
3. Hlutverk leiðbeinandans
4. Fjölgun vishópa
5. Upplýsingafundur
6. Fyrsti fundur vishópa
7. Eftirfylgni
8. Spurningar

Þátttakendur á leiðbeinendanámskeiðinu fá kynningarbækling og leiðbeinendamöppu um Vistvernd í verki. Þar eru ýmsar upplýsingar og leiðbeiningar, t.d. um hvernig stofna á vishóp og halda byrjunarreitsfund, eyðublöð fyrir mælingar o.fl.

Staðbundnir stjórnendur

Vistvernd í verki verður að eiga fótfestu í hverju sveitarfélagi. Til þess þarf staðbundinn stjórnanda. Hann á að halda utan um verkefnið á sínum heimaslóðum og vinna að því að viðkomandi byggð nái settum markmiðum um þátttöku og árangur.

Eftirfarandi þættir eru á verksviði stjórnandans:

- Stuðningur við leiðbeinendur heima fyrir
- Kynning á svæðisvísu
- Gerð fjárhagsáætlunar fyrir verkefnið og ábyrgð á að henni sé fylgt
- Tengsl við Landvernd

Stjórnandinn getur leitað eftir stuðningi Landverndar en einnig getur Landvernd komið hugmyndum og óskum á framfæri við stjórnandann, eftir því sem Visthópaverkefninu vindur fram á svæðis- og landsvísu.